

Í Úlfdölum

Það gisti óður
minn eyðiskóg
er ófætt vor
bjó í kvistum,
með morgunsva
á sólardyr
leið svefninn ylfrjór
og góður.

Úr dögg og eldi
í eirrautt lím
óf ársól blóm
minna drauma
og kulið tárin
úr krónum þeim
sem koss á brár mínar
felldi.

Og tónaseiður
og svanaflug
úr suðri logana
glæddu;
í heiðri vordýrð
skein veröld mín,
hver vegur opinn
og greiður.

Þú getur valið
um vegi og átt,
hví velurðu eigi?
Nei, hingað
skal koma allt
sem ég ann og vil
og enn er sjón minni
falið!

Það söng í limi,
ég lék við streng,
ég lék að heilögum
dómum,
ég sveif í logum
á svanavæng,
ég svaf í dúnhvítu
brimi.

Wolfdales

An ode stayed
in my empty wood
while unborn spring
dwelt in the twigs,
with morning chill
at sunlight's door
sleep passed, warm, fertile
and kind.

From dew and fire
into coppery foliage
the dawn sun wove
my dream flowers
and from those crowns
the chill shed tears
dropping a kiss
on my brow.

Enchanted sounds
and flying swans
from the south fanned
the flames;
in clear spring glory
my world shone,
all pathways open
and easy.

Yours is the choice
of paths and heading,
why do you not choose?
No, hither
shall come all
that I love and want
and still is hidden
to my sight!

The foliage sang,
I played a string
I played with holy
treasures,
I soared in flames
on a swan's wing
I slept in down-white
breakers.

Þeir svanir flugu
er sólin hneig
og sukku í skóganna
rökkur
en augu brunnu
og úlfur þaut
og ormar kringum
mig smugu.

Those swans flew away
as the sun sank
and foundered in woodland
twilight
while eyes burned
and wolf rushed
and worms snaked
around me.

Í djúpu rjóðri
er reimt og dimmt,
það rýkur hrímþoka
um blómin
og lykur spor alls
sem liðið er
í loðnum myrkheima
gróðri.

In a deep clearing
haunted and dark,
rimefrost curls
round the flowers
covering all
that is past
in lush shadeworld
growth.

Í vængjum felldum
ég vafinn lá,
þær viðjar binda
ekki lengur;
með nýum styrk
skal ég strengi slá
og stirna langnættið
eldum

In fallen wings
I lay entangled,
those bonds tie
no longer;
with new strength
I will strike the strings
and star the long night
with fires

unz óskakraftur
minn endurrís
úr ösku ljóðs míns
og hjarta,
úr mistri og sorta
skín svanaflug
og sólin gistir
mig aftur.

till my power to desire
rise again
from the ashes of my song
and my heart,
out of mist and darkness
shines a flight of swans
and the sun stays with
me once more.

Poem by Snorri Hjartarson (1906-1986).

Translation by Ágústa Flosadóttir.